



Reglur um skólavist fósturbarna í leik- og grunnskóla í Skagafirði

1. gr.

Sveitarfélag getur óskað eftir því að Skagafjörður veiti barni í viðkomandi sveitarfélagi skólavist í leik- og grunnskólum Skagafjarðar. Skrifleg umsókn um skólavist barns, ásamt nauðsynlegum gögnum verður að berast fræðslustjóra og skólastjóra þess skóla sem óskað er eftir skólavist í.

Nauðsynleg gögn með umsókn:

- Nafn, kennitala og heimilisfang nemanda.
- Samþykki lögheimilissveitarfélags fyrir skólavist.
- Nafn, símanúmer og netfang tengils barns hjá barnaverndarnefnd/skólaskrifstofu.
- Upplýsingar um skólagöngu, öll gögn frá skóla viðkomandi barns og skrifleg umsögn skóla um stöðu barnsins í námi og þroska, nafn og netfang umsjónarkennara eða deildarstjóra.
- Greiningar, sálfræðiniðurstöður, heilbrigðisupplýsingar eftir því sem við á.
- Upplýsingar um samskipti/aðkomu kynforeldra barns að upplýsingum um/við barnið.
- Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegt er að komi fram, s.s. neysla vímuefna, hegðunarvandi, misnotkun, heimilisaðstæður o.fl.

2. gr.

Þegar umsókn hefur borist boðar fræðslustjóri til fundar um umsóknina. Til þess fundar skulu eftirtaldir aðilar boðaðir:

- Fræslustjóri
- Skólastjóri
- Sérkennari
- Umsjónarkennari/deildarstjóri
- Sálfræðingur/sérfræðingur fjölskylduþjónustu
- Aðrir þeir sem gætu þurft að koma að málinu

Á fundi þessum er farið yfir fyrirbyggjandi gögn og ákveðið hvort kallað er eftir frekari gögnum. Fundurinn ákveður nauðsynlegt ut anumhald svo sem stuðning, sérfræðiþjónustu, hugsanlegan skólaakstur og annað sem viðkomandi barn gæti haft þörf fyrir. Niðurstaða fundarins er síðan send tengli barnsins hjá lögheimilissveitarfélagi. Hugsanlegur kostnaður vegna þessa skal koma skýrt fram í svari skólans til



tengils. Þá er það metið í hverju tilfelli fyrir sig hversu langur tími sé eðlilegur í aðlögun á fósturheimili áður en til skólagöngu kemur, að lágmarki 5 dagar, nema gild rök séu fyrir öðru.

3. gr.

Samþykki tengill/barnaverndarnefnd/skólaskrifstofa áætlun viðtökuskóla er boðað til funda með tengli barnsins og fósturforeldrum. Á þeim fundi skal liggja fyrir skriflegt samþykki barnaverndarnefndar/skólaskrifstofu lögheimilissveitarfélags um þá þjónustu og stuðning sem viðtökuskóli telur nauðsynlegt að veita

Eftirfarandi atriði skulu koma til umfjöllunar á fundinum:

- Farið er yfir umfang og eðli utanumhalds í skóla.
- Farið yfir upplýsingar um barn og fósturheimili.
- Fastir fundir með tengli barnsins ákveðnir út vistunartímabil. Ávallt skal ákveðinn fundur til að meta fyrstu skrefin að þremur viknum liðnum frá upphafi skólavistar.
- Fundur með barni og fósturforeldrum ákveðinn, með hliðsjón af því að nauðsynleg stuðningsúrræði séu til staðar ef þörf er á (ráðningarferli sé lokið).

4. gr.

Eftir því sem við á skal halda fund með kennurum og öðru starfsfólki þar sem farið er yfir nauðsynleg atriði er varða nám, líðan og önnur atriði sem huga þarf að vegna nemandans. Einnig farið yfir bakgrunn nemanda til að starfsfólk sé undirbúið ef til sértækra aðstæðna kemur í umgengni við barnið.

Funda skal með barni og fósturforeldrum, skólastjóra, umsjónarkennara/sérkennslustjóra, sérfræðingi og stuðningi/sérkennara eftir því sem við á. Á slíkum fundi skal farið yfir eftirfarandi atriði:

- Farið yfir stundaskrá/skipulag nemanda.
- Farið yfir upplýsingar í skráningarkerfum s.s. mentor.
- Farið yfir praktísk mál, s.s. skólabíla o.fl.
- Nemandi fær skólareglur.
- Farið yfir stuðningsúrræði.

